Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 21. ágúst 2024
Málsnr. 2003010
PBG/HH

Efni: Uppfærsla Samgöngusáttmálans

Á 582. fundi stjórnar SSH sem fram fór hinn 21. ágúst 2024 var uppfærsla Samgöngusáttmálans til umræðu og eftirfarandi fært til bókar vegna málsins:

Samgöngusáttmálinn - uppfærsla - 2003010

Fyrirliggjandi eru:
1. Viðauki við Samgöngusáttmálann ásamt framkvæmda- og fjárstreymisáætlun sem er fylgiskjal viðaukans
2. Samkomulag um rekstur almenningssamgangna, stjórnskipulag og veghald
3. Yfirlýsing með viðauka um uppfærslu Samgöngusáttmála

Undirskrift framangreindra gagna, af hálfu ríkisins og sveitarfélaganna, er fyrirhuguð kl. 13:00 í dag, 21. ágúst 2024 og mun undirritun vera gerð með fyrirvara um samþykki.

Niðurstaða fundar

Stjórn SSH samþykkir að vísa framangreindum skjölum, sbr. stafliði 1 til 3, til umræðu og afgreiðslu á vettvangi aðildarsveitarfélaganna að undirskrift lokinni.
Kynningarfundur var haldinn fyrir kjörna fulltrúa um framangreint hinn 20. ágúst 2024, en jafnframt skal erindinu fylgt eftir með kynningum fyrir borgar- og bæjarráðum eftir því sem óskað er.

Eru framangreind skjöl, sem eru meðfylgjandi, því lögð fram til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins.

Beiðni um afgreiðslu:

Er samkvæmt framansögðu farið fram á að ofangreint verði tekið til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins. Þá er bent á að yfirgripsmikil gögn er varða uppfærslu Samgöngusáttmálans er að finna á slóðinni www.samgongusattmali.is auk þess sem kynningarglærur eru meðfylgjandi.

Upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélagsins berist í netfangið ssh@ssh.is.

Beiðnir um frekari upplýsingar og kynningu á ofangreindu berist í netfangið hildigunnur@ssh.is.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:
1. Viðauki við Samgöngusáttmálann ásamt framkvæmda- og fjárstreymisáætlun sem er fylgiskjal viðaukans
2. Samkomulag um rekstur almenningssamgangna, stjórnskipulag og veghald
3. Yfirlýsing með viðauka um uppfærslu Samgöngusáttmála
4. Glærur frá kynningarfundi sem fram fór 20. ágúst 2024

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026